

Fundargerð byggingarnefndar frá 7.mars 2008

Fundur haldinn í byggingarnefnd Tálknafjarðar föstudaginn 7.mars 2008 kl. 10.00 á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps.

1. Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð á Tálknafirði gerð af Landmótun. Um er að ræða nýja götu ofan við Móatún og uppfyllingar við aðrar götur. Fram voru lagðar tvær tillögur að götu ofan Móatúns, annarsvegar að gatan verði botlangagata ekið inn af Hrafnadalsvegi og hins vegar hringakstur tengdur Lækjargötu. Samþykkt var að mæla með þeirri tillögu sem sýnir hringakstur tengt Lækjargötu og Hrafnadalsvegi. Að öðru leyti samþykkir nefndin framlögð gögn og vísar tillögum til hreppsnefndar.
2. Umsókn um lóðir frá Trésmiðjunni Eik ehf., um er að ræða lóðir við Túngötu undir parhús og 2 lóðir við Móatún, ytri endi ofan við götu. Erindi frestað þar sem deiliskipulag hefur ekki verið samþykkt fyrir þessar lóðir.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið kl. 11.15

Heiðar Jóhannsson (sign)
Sigurvin Hreiðarsson (sign)
Aðalsteinn Magnússon (sign)
Guðlaugur Jónsson (sign)